



## 2. Aðalfundur foreldrafélags Húnaskóla

Haldinn í matsal Húnaskóla, mánudaginn 14. október

Elín Ósk Gísladóttir, formaður, setti fundinn og Ásdís Ýr Arnardóttir, varamaður, ritar fundargerð. Um 30 foreldrar mættu til fundarins.

### 1. Lög foreldrafélags Húnaskóla

*Lagt fram til kynningar og samþykktar*

### 2. Árgjald foreldrafélagsins

Lagt er til að árgjald félagsins sé 2500 kr á ári fyrir hvert heimili, frá skólaárinu 2024-2025 sem innheimt er með valkröfu í banka. *Samþykkt samhljóða.*

### 3. Starf félagsins frá síðasta skólaári

- a) Fyrirlestur frá Sóley Tómasdóttir “Börn, jafnrétti og fjölbreytileiki“, 60.000 kr.
- b) Styrkur til bókasafns Húnaskóla, 50.000 kr.

### 4. Fræðsla frá lögreglu og barnavernd um heimilisofbeldi. *Kynning*

### 5. Skjátími barna og ungmenna. *Kynning*

### 6. Stjórn foreldrafélags Húnaskóla skólaárið 2024-2025

#### a. Kosning fulltrúa í stjórn foreldrafélags (3)

- Elín Ósk Gísladóttir býður sig fram til formanns foreldrafélags
- Ásdís Ýr Arnardóttir býður sig fram til fulltrúa í stjórn foreldrafélags
- Snædís Aðalbjörnsdóttir býður sig fram til fulltrúa í stjórn foreldrafélags

Til vara:

- Sigurður Magnússon býður sig fram til varamanns í stjórn foreldrafélags

*Samþykkt samhljóða með lófaklappi*

#### b. Kosning fulltrúa í skólaráð skólaárið 2024-2025 (2)

Hjálmar Björn Guðmundsson og Hilmar Smári Birgisson bjóða sig fram til fulltrúa í skólaráð.

*Samþykkt samhljóða með lófaklappi*

## 7. Önnur mál

- a. **Bekkjarfundir.** Lagt til að foreldrafélagið beiti sér fyrir því við stjórnendur skóla að bekkjarfundir verði settir á dagskrá í upphafi skólaárs þar í samstarfi foreldrafélags og stjórnenda.
- b. **Bekkjarfulltrúar.** Kynning verði á hverju hausti fyrir bekkjarfulltrúa um það í hverju verkefnið felst.
- c. Fyrirspurn frá foreldri um **skráningar** vegna ákveðinna atvika sem eiga sér stað í skóla og frístund. Stjórnendur skóla eru hvattir til að skerpa á verklagi og upplýsa betur foreldra um tiltekin atvik sem eiga sér stað á skólatíma.
- d. **Öryggismál á skólalóð.** Ábending frá foreldri um hættulegar aðstæður við norðurenda byggingarinnar þar sem gosbrunnur er staðsettur. Við gosbrunninn er hár veggur sem veldur mikilli slyshættu. Þá er einnig talað um öryggi á bílastæðum sem og falskt öryggi sem felst í grindverki við Þjóðveg 1. Að auki er rætt um möguleika barna á því að þríla upp á þak eldri hluta skólans þar sem áður voru klefar fyrir íþróttasal. Formaður tekur umræðuna áfram á fund fræðslunefndar.
- e. **Símanotkun í skóla.** Óskað er eftir því að stjórn foreldrafélagsins kanni hvernig símanotkun sé háttað í öðrum skólum í nágrenni okkar, með því að móta sérstaka stefnu í átt að símalausum skóla.
- f. **Skólaakstur.** Umræður um að seinka skólaakstri til að gefa börnum í dreifbýli kost á því að sækja íþróttir og aðrar tómsundur á þéttbýli. Dæmi eru um að skólabílar fari allt að því tómir heim að loknum skóladegi. Formaður fylgir málinu áfram til fræðslunefndar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22.34